

Ár 2002, miðvikudaginn 6. febrúar, var af Yfirlæstingamatsnefnd í málínu nr. 160/2001 kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með ódagsettu bréfi, sem móttekið var 13. nóvember 2001, kærði Arnín Ólafsdóttir f.h. Laugarhóls ehf., kt. 700300-3580, endurmat Fasteignamats ríkisins á fasteignamati fasteignarinnar Laugarhóls, Klúku, Bjarnarfirði, Kaldrananeshreppi (fastanúmer 212-8343), sem tók gildi þann 15. september 2001.

Í kærubréfi kemur fram að fasteignamat eignarinnar hafi við endurmatið lækkað úr 21.409 þúsund krónum og í 12.240 þúsund krónur. Er krafist endurskoðunar á þeiri lækkun fasteignamats. Í kærubréfinu segir m.a. að við stofnun eignarhaldsfélagsins Laugarhóls ehf. þann 25. mars 2000 hafi verið lögð undir bygginguna sérstök lóð úr landi Klúku. Þá segir að á árinu 2000 hafi verið ráðist í miklar endurbætur á húsnæðinu sem samkvæmt endurskoðuðum reikningum hafi kostað 6.630 þúsund krónur. Ennfremur kemur fram að árið 2001 hafi verið ráðist í byggingu á nýrri gistiálmu, þar sem séu 6 fullkomin gistiherbergi. Uppgjör þeirrar framkvæmdar hafi ekki verið endurskoðað en kostnaður við bygginguna sjálfa sé nú nálægt 11.000 þúsund krónum.

Yfirlæstingamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 22. nóvember 2001 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 23. janúar 2002, en þar segir m.a.:

“Við nánari skoðun á fasteignamati téðrar eignar hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að taka það til gagngrarr endurskoðunar í ljósi þess að þær upplýsingar sem fyrir liggja um hana í Landskrá fasteigna eru ófullnægjandi og því verður rétt fasteignamat ekki byggt á þeim. Fasteignamat ríkisins telur nauðsynlegt að aflað verði nánari upplýsinga frá byggingarfulltrúa, sbr. 21. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 nr. 6/2001, um fasteignina í heild sinni.”


Niðurstaða


Komið hefur í ljós að upplýsingar í Landskrá fasteigna sem byggt var á við endurmatið sem tók gildi 15. september voru ófullnægjandi. Samkvæmt því er málínu vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORD:

Málínu er vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.


Péter Stefánsson


Guðný Björnsdóttir


Guðmundur Magnusson